



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um kvikmyndina Hríta. **11**



LÍFIÐ Alþjóðlegur förðunarskóli opnar á Íslandi í ágúst. **15**



SPORT Strákarnir okkar komust á níunda Evrópumótið í röð. **18**

BA í miðlun og almannatengslum

Umsóknarfrestur til 15.júní

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

15. júní 2015
138. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000


MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Samið um Sunnuhlíð

Stefnt er að því að ganga frá samkomulagi í vikunni sem leysir fjárhagsvanda hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar. Kópavogsbær gefur 81 milljónar króna fasteignaskuld eftir auk vaxta. **2**



Halló Jörð, heyrirðu í mér?

Könnunarfarið Philae hefur vaknað til lífsins eftir nokkurra mánaða dvala á halastjórn. Samskipti Philae og geimskipsins Rosetta minna um margt á samskipti mæðgna. **8**

Segjast ekki hafa hygláð FH

Fyrirverandi bæjarstjórn Hafnarfjarðar segja það af og frá að þeir hafi hygláð FH umfram Hauka. **6**

Skila ársreikningum seint Alls vantar 271 ársreikning frá sjálfs-eignarstofnunum og sjóðum fyrir árið 2013. Ríkisendurskoðandi segist þurfa frekari úrræði. **4**



2 SÉRBLÖÐ Fasteignir | Fólk



Uppsagnir óumflýjanlegar

Langlundargeð hjúkrunarfræðinga er að þrotum komið og munu margir í stéttinni segja upp störfum í vikunni. Heilbrigðisráðherra segir leitt ef til uppsagna hjúkrunarfræðinga þarf að koma. BHM íhugar málsókn.

HEILBRIGÐISMÁL „Það er hrun yfirvofandi í íslensku heilbrigðiskerfi ef af verður,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum, við þeim fregnum að fjöldi hjúkrunarfræðinga ætli sér að segja upp vegna lagasetningar á verkfall þeirra sem samþykkt var á Alþingi síðastliðinn laugardag. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir það hafa verið brýnt að stöðva verkfallságerðir til að tryggja öryggi sjúklinga.

„Það komu inn uppsagnir fyrir helgi sem ég hef fengið staðfestar en ég reikna með því að það komi mun fleiri uppsagnir inn á borð spítalans

þegar hjúkrunarfræðingar mæta til vinnu eftir helgina,“ segir Sigríður. „Hjúkrunarfræðingar eru hryggjarstykki í íslensku heilbrigðiskerfi og ég hef heyrt í mjög sérhæfðum hjúkrunarfræðingum að þeir einstaklingar muni segja upp í stórum stíl.“

Verkfallságerðir hafa staðið yfir í langan tíma og hefur staðan á sjúkrahúsum landsins versnað dag frá degi. Sigríður segir það hárrétt að verkfalli varð að ljúka en ekki með þessum hætti. Reiðin sé mikil innan stéttarinnar með lagasetningu á verkfall þeirra og langlundargeð hjúkrunarfræðinga sé að þrotum komið.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir stofnanirnar þurfa nú að taka á þeim vanda ef hjúkrunarfræðingar fara að segja upp í stórum stíl. „Það er leitt ef til þess þarf að koma,“ segir Kristján Þór. „Brýnasta úrlausnarefnið var að tryggja öryggi sjúklinga. Uppsagnir hjúkrunarfræðinga eru veruleiki sem stofnanirnar þurfa svo að takast á við.“

BHM hefur boðað málsókn vegna lagasetningar þingsins og segir það brot á stjórnarskrá af afnema samningsrétt félagsins.

„Það er áhyggjuefni að ríkisvaldið skuli hvorki skynja né skilja hlut-



Uppsagnir hjúkrunarfræðinga er veruleiki sem stofnanirnar þurfa svo að takast á við.

Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra.

verk sitt sem vinnuveitandi þúsunda háskólamentaðra sérfræðinga sem sinna nauðsynlegri opinberri þjónustu í þjóðfélaginu,“ segir í tilkynningu BHM. -sa



VOPNASKAK VÍKINGANNA Þessir ungu drengir háðu mikla orrustu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Víkingahátíðin í Hafnarfirði hófst á föstudaginn og henni lýkur á miðvikudaginn, 17. júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



FLOTTIR Róbert og Gunnar í bolunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Komnir í tískubransann: Landsliðsmenn hanna fatnað

FÓLK Handboltalandsliðsmennirnir Gunnar Steinn Jónsson og Róbert Gunnarsson vanda kvæði sínu í kross og hanna nú boli undir merkinu BOB. Verkefninu hafa þeir sinnt í gegnum netið og þegar þeir hittast í landsliðsferðum, en Gunnar spilar í Þýskalandi og Róbert í Frakklandi.

„Ekki snýst þetta um að verða ríkir, heldur að fá að skapa og láta gott af okkur leiða,“ segir Gunnar, en þegar bolur er keyptur rennur andvirði teppis fyrir barn í flóttamannabúðum til UNICEF á Íslandi. Bolirnir munu fara í sölu á þriðjudag. -ga / sjá síðu 22

Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir hugmyndaríkum rekstraraðilum:

Vill fá matarmarkað á Hlemm

SAMGÖNGUR „Það er mikil andlitslyfting að fara að eiga sér stað á Hlemmi og næstu helgi auglýsum við eftir hugmyndaríkum aðilum til þess að framkvæma eitthvað skemmtilegt,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, en borgin auglýsir nú eftir rekstraraðilum að Hlemmi.

Dagur segist vera spenntur fyrir fyrirhuguðum breytingum. „Nú á að fara að taka Hlemm í gegn og



DAGUR B. EGGERTSSON

„Viða um Evrópu eru að spretta upp matarmarkaðir og það er

oftast mikið líf og fjör í kring um þá.“

Varðandi það hvort Strætó muni hætta að stoppa á Hlemmi segir Dagur að svo verði ekki. „Eina breytingin verður sú að Hlemmur verður ekki biðstöð lengur heldur skiptistöð.“

Dagur segir að vinnuhópur, sem skipaður var í kjölfar þess að Reykjavíkurborg keypti BSÍ árið 2013, sé enn að störfum. -ngy

Sumarið byrjar í Smáralind

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur 250 mg

Actavis

SNIGLAGEL

dregur úr hrukkum, örur og bólum.

Fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup

VEÐUR



Vaxandi suðaustan- og austanátt sunnan til á landinu í dag og þykknar upp, 8-15 m/s syðst síðdegis og fer að rigna, en 10-18 m/s um kvöldið, hvassast við ströndina. Fremur hæg austlæg eða breytileg átt um landið norðanvert og bjartviðri. Hiti 10 til 17 stig.

SJÁ SÍÐU 14

Formaður hafnarstjórnar segir að von sé á úttekt á málefnum hafnarinnar síðustu tíu ár í vikunni:

Hafna beiðni um úttekt á hafnarmálinu

SVEITASTJÓRNARMÁL Gylfi Ingvarsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í hafnarstjórn Hafnarfjarðar, fór fram á óháða stjórnsýsluúttekt á framferði meirihluta hafnarstjórnar og aðkomu Haralds Línald, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, í tengslum við fund sem fór fram bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar laugardaginn 15. nóvember 2014 á fundi nefndarinnar þann 11. júní.

Á bæjarskrifstofunni taldi starfsmaður hafnarinnar sig vera að ræða við Harald Línald bæjar-

stjóra. Síðar hafi komið í ljós að um hafi verið að ræða starfsmann R3 ráðgjafar að sögn Gylfa.

Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, segir að Unnur Lára Bryde, formaður hafnarstjórnar og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hafi afhent starfsmanninum bréf í byrjun febrúar þar sem dregið var í efa að fundurinn hefði nokkru sinni átt sér stað. Starfsmanninum hafi verið gefinn kostur á að sanna að fundurinn hefði farið fram og annars yrði

hann áminntur. „Síðan var þetta bréf dregið til baka viku seinna,“ segir Már.

Meirihluti hafnarstjórnar hafnaði tillögu Gylfa. Unnur Lára segir að þegar hefði verið samþykkt í bæjarstjórn að óháð stjórnsýsluúttekt færi fram á málefnum hafnarinnar síðastliðinn áratug og að vonast væri til að hún kæmi út í þessari viku.

Unnur vildi ekki tjá sig sérstaklega um þetta einstaka mál og bar við trúnaði við starfsmanninn. -ih



GYLFI INGVARSSON Fulltrúi Samfylkingarinnar segir slæmt að meirihlutinn sé dómarí í eigin sök. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SKELFINGARÁSTAND Fjórar milljónir Sýrlendinga eru á flóttu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Tyrkir opnuðu landamærin fyrir sýrlenskum flóttamönnum:

Glundroði vegna stríðsástandsins

TYRKLAND Örvilun og skelfingarástand skapaðist á landamærum Tyrklands og Sýrlands í gær þegar fjöldi flóttamanna reyndi að komast yfir landamæri Sýrlands til Tyrklands við tyrknesku borgina Akçakale.

Kúrdaher og vígamenn Íslamska ríkisins berjast um landamæra-borgina Tal Abyad Sýrlandsmegin landamæra. Flóttamenn frá nærliggjandi svæðum reyndu að þvinga sér yfir landamærin en tyrkneski herinn hélt aftur af þeim með vatnsbyssum og skutu á þau gúmmíkúlum.

Seinni part gærdagsins bárust þó fyrirmæli um að hleypa ætti flóttamönnum til Tyrklands vegna neyðarástands.

- sfs

Brottfall úr námi minnkar:

Eru nær markmiðum sínum

MENNTUN Í nýrri skýrslu Evrópsku menntastofnunarinnar kemur fram að ríki Evrópusambandsins eru að færa nær markmiðum sínum um að lækka brottfall úr námi í tíu prósent.

Ísland er eitt þeirra ríkja sem eiga aðild að mælingum um brottfall í Evrópu en í skýrslunni kemur fram að brottfall á Íslandi er langt umfram meðaltal Evrópusambandsins. Brottfall á Íslandi nemur um 20 prósentum ungmenna á aldrinum 18 til 24 ára en meðaltalið í Evrópusambandinu er um 12 prósent.

- sfs

Framkvæmdir á Bakka:

Vegtengingar fram úr áætlun

NORÐURÞING Vegtengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka munu reynast ríkissjóði mun dýrari en ráð var fyrir gert. Áætlanir gerðu ráð fyrir 1,8 milljörðum króna í uppbyggingu vegtenginga.

Meirihluti atvinnuveganeftndar hefur lagt fram frumvarp um að breyta lögum um uppbyggingu á svæðinu til að geta mætt þessum aukakostnaði. Mælst er til þess að upphæðin falli brott úr lögum svo hægt verði að greiða framkvæmdina að fullu.

- sa



SUNNUHLÍÐ Lausn á skuldavanda Sunnuhlíðar er í sjónmáli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vandi Sunnuhlíðar leystur í vikunni

Stefnt er að því að ganga frá samkomulagi sem leysa á skuldavanda hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í vikunni. Ríkið mun eignast húsnæði hjúkrunarheimilisins ásamt því að Kópavogsbær gefur eftir 81 milljónar króna fasteignagjöld auk vaxta.

ÖLDRUNARMÁL Stefnt er að því að ljúka samningum sem leysa eiga skuldavanda hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í vikunni. „Það eru að klárast ákveðnir samningar við marga aðila til að koma dæminu í höfn,“ segir Þóra Þórarinsdóttir, formaður stjórnar sjálfstæðisflokksins Sunnuhlíðar.

Vigdísarholt, félag í eigu ríkisins, tók yfir rekstur hjúkrunarheimilisins á síðasta ári vegna mikils skuldavanda Sunnuhlíðar. Sunnuhlíð hefur hins vegar áfram átt húsnæði hjúkrunarheimilisins sem og átt og séð um rekstur íbúða í nágrenni við heimilið.

Samkomulagið fellst í því að ríkið mun eignast húsnæði hjúkrunarheimilisins við Kópavogs-



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

reka íbúðirnar.

Þá mun Kópavogsbær einnig gefa eftir áfallin fasteignagjöld á árunum 2009 til 2013 og fyrstu þrjú mánuði ársins 2015, sem nema 59 milljónum króna en með áföllnum vöxtum samtals 81 milljón króna. Tillaga þess efnis var samþykkt af öllum ellefu bæjar-

braut 1c gegn því að taka yfir hluta skulda samtakanna, sem námu hátt í hálfum milljarði samkvæmt ársreikningi ársins 2013. Sunnuhlíð mun hins vegar áfram eiga og

fulltrúum í bæjarstjórn Kópavogs þann 9. júní síðastliðinn með þeim fyrirvara að kaup ríkisins á húsnæði Sunnuhlíðar gengi eftir.

Á móti hyggst Kópavogsbær draga saman útgjöld til framkvæmda á þessu ári sem nemur niðurfellingu fasteignagjalda svo aðgerðin á ekki að hafa áhrif á afkomu bæjarsjóðs.

„Það myndast strax þverpólitísk sátt um að Kópavogsbær myndi komast að lausn málsins með styrk sem nemur skuldinni,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs. Ármann segir að brýnt hafi verið að tryggja rekstur hjúkrunarheimilisins í bæjarfélaginu enda ætti það sér merka sögu.

ingvar@frettabladid.is

Prír grænlenkir stjórnámamenn hafa verið kærðir fyrir spillingu og svik:

Sögð hafa misnotað opinbert fé

GRÆNLAND Þrír grænlenkir stjórnámamenn, þau Aleqa Hammond, Kuupik Kleist og Steen Lyng, hafa verið kærðir fyrir að hafa misfarið með opinbert fé.

Fjórir íbúar á Grænlandi kærðu þau til lögreglunnar og segja stjórnámamennina seka um blekkingar, fjárdrátt og umboðsvik. Upphæðirnar nema samtals rúmlega 270 þúsund dönskum krónum, sem samsvarar fimm og hálfri milljón íslenskra króna. Grænlenka útvarpið KNR skýrir frá þessu á fréttavef sínum.

Aleqa Hammond situr á grænlenka landsþinginu fyrir Siumutflokkinn og var formaður landstjórnarinnar í rúmlega ár frá 2013 til 2014. Hún sagði nokkuð skyndilega af sér síðastliðið haust eftir að fram komu ásakanir um að hún hefði látið ríkissjóð greiða



ALEQA HAMMOND Fyrirverandi formaður grænlenku landstjórnarinnar sagði af sér síðastliðið haust vegna spillingarásakana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

flugferðir og hóteltöngingur fyrir sig.

Steen Lyng er þingmaður Atassut-flokksins og er sakaður um að hafa tvisvar sinnum tekið fjölskyldu sína með í opinberar

ferðir. Kuupik Kleist sat á þingi fyrir IA-flokkinn og var formaður landstjórnar árin 2009 til 2013 og er sagður enn eiga ógreidda skuld sína við ríkissjóð.

- gb

VW Up! frá aðeins: 1.790.000 kr.



BORÐA DREKKA

TYGGJA

**WRIGLEY'S
Extra**

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrnis í tyggigúmmí

Sumarið er tími tjaldvagna

Verð
með vsk.
1.390.000

Hámarkslán miðað við 84 mánaða lán. 1.042.000
Útborgun kr. 348.000
Meðalgr. Pr. Mán. kr. 17.728
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,04%



Fortjald fylgir - Íslensk hönnun - Hannaður með íslenskar aðstæður í huga
Smíðaður úr trefjaplásti án allra samskeita
Geymslurými undir rúmi - Sterk farangursgrind
Tjaldið er úr 100% bómull 340gr. Ten Cate - Svefnpláss fyrir 4
Tekur aðeins um hálfu mínútu að tjalda. - Þyngd 240 kg.
Burðargeta: 210 kg. - Leyfileg hámarksþyngd: 450 kg

ÆGIR
VAGNINN

Þar sem ferðalagið byrjar

Fortjald, grind undir rúm og eldhús fylgir - Dönsk hönnun og smíði
290 gr. gagnvarin bómullardúkur - Svefnpláss fyrir 4
Sterk farangursgrind - Fullkomið lúxuseldhús með ryðfríu eldhúsbordí og þrem gashellum
Innbyggður vaskur með vatnsdælu/krana - 35 lítra ísskápur fyrir 12V, 230V eða gas
Tekur aðeins um hálfu mínútu að tjalda - Þyngd: 425 kg.
Burðargeta: 325 kg. - Leyfileg hámarksþyngd: 750 kg.

Hámarkslán miðað við 84 mánaða lán. 1.989.502
Útborgun kr. 498.000
Meðalgr. Pr. Mán. kr. 25.276
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,89%



Verð
með vsk.
1.990.000




COMBI-CAMP



ÆGIR
VAGNINN

ROCKWOOD

Palomino



Dethleffs

TABBERT

WEINSBERG

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18
lau kl: 12-16



Útilegu
maðurinn[®]
Þar sem ferðalagið byrjar

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða sveitarfélag hyggst reisa íþróttahöll fyrir tvo milljarða á kjörtímabilinu?

2 Prinsessa hvaða Evrópulands gæti þurft að sitja inni fyrir skattsvik?

3 Hvað heitir söngvari hljómsveitarinnar Kaleo?

SVÖR: 1. Garðabær, 2. Spánar, 3. Jökull Júlíusson.

Kreppukrílin hafa flutt frá Reykjavík í önnur bæjarfélög og til annarra landa:

Metárgangur á leið í grunnskóla

SKÓLAMÁL Stærsti árgangur lýðveldissögunnar streymir í grunnskóla landsins í haust. Áætlanir gera ráð fyrir að nemendum í grunnskólum Reykjavíkur fjölgi um 150 á milli ára.

„Þetta er allt önnur staða en fyrir ári,“ segir Ragnar Þorsteinson, sviðsstjóri Skóla- og frístunda- sviðs Reykjavíkur. Samkvæmt tölum sem Fréttablaðið birti í mars í fyrra, og voru fengnar hjá Reykjavíkurborg, var búist við 360 barna fjölgun á milli ára.



RAGNAR ÞORSTEINSSON

„Flutningar hjá foreldrum eru gríðarlega miklir. Bæði milli hverfa, úr borginni og erlendis. Við höfum velt þessari tölu fyrir okkur varðandi gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár og miðum við að þetta sé einhvers staðar á bilinu 150-180 barna fjölgun,“ segir Ragnar.



SKÓLABÖRN Færri börn fara í skóla í Reykjavík en búist var við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brugðist verður við fjölguninni með færanlegum kennslustofum og leigu á húsnæði.

Verðlaun Norðurlandaráðs: Tilnefna tvö íslensk fyrirtæki

UMHVERFISMÁL Tvö íslensk fyrirtæki, Carbon Recycling International og Orkuveita Reykjavíkur, hafa verið tilnefnd til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs.

Þema verðlaunanna í ár er losun gróðurhúsalofttegunda og verða verðlaunin veitt þeim sem hafa stuðlað að minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda.

Reykjavíkurborg hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs í fyrra.

EVRA EÐA KRÓNA?



HVAÐ HEFUR FJÁRMÁLAKREPPAN KENNT OKKUR UM VAL Á GENGISFYRIRKOMULAGI?

Robert Z. Aliber heldur fyrirlestur í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins, þriðjudaginn 16. júní, kl. 12-13.30

Aliber er Prófessor Emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago.

Aliber hefur skrifað fjölda bóka og ritgerða um alþjóðafjármál, erlenda fjárfestingu og starfsemi fjölpjódlegra fyrirtækja.

Síðustu árin hefur hann sýnt efnahagsmálum á Íslandi mikinn áhuga. Aliber spáði fyrir hruni íslenska efnahagskerfisins vorið 2008.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIÐEILD

Samtök
sparifjáreigenda



FJÁRFESTINGAR Fyrrverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar eru ósammála formanni Hauka um að bærinn hafi hyglað FH.

Bæjarstjórar segjast ekki hafa hyglað FH

Fyrrverandi bæjarstjórar Hafnarfjarðar segja bæinn ekki hafa hyglað FH í fjárfestingum bæjarins en bærinn fjárfesti 23 sinnum meira í FH en Haukum síðustu tíu ár. Núverandi bæjarstjóri vill ekki horfa til fortíðarinnar heldur fram á veginn.

HAFNARFJÖRÐUR Tveir fyrrverandi bæjarstjórar Hafnarfjarðarbæjar segja bæinn ekki hafa hyglað FH þegar litið er til fjárfestinga bæjarins í mannvirkjum íþróttafélaga bæjarins. Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að Samúel Guðmundssyni, formanni Hauka, finnst bærinn hygla FH en síðustu tíu ár hefur Hafnarfjörður fjárfesti í mannvirkjum FH fyrir rúma 2,7 milljarða en fyrir 114 milljónir í mannvirkjum Hauka.

„Ég held að maður þurfi að horfa á þetta allt í samhengi. Ef þú værir með samanburð á tölum frá því í kringum síðustu aldamót þá værirðu með skýrari mynd af uppbyggingunni. Stóra verkefnið í kringum síðustu aldamót var að reisa Ásvelli. Næsta verkefni á eftir því var að fara í uppbyggingu Kaplakrika og frjálsíþróttahúss þar,“ segir Lúðvík Geirsson, sem var bæjarstjóri Hafnarfjarðar frá 2002 til 2010 en áður gegndi hann starfi formanns Hauka.

Uppbyggingin á Ásvöllum sem

Lúðvík talar um fellur utan þess tíma sem nýbirt skýrsla Hafnarfjarðarbæjar um greiningu á fjármálum íþróttamála fjallar um en henni lauk árið 2002.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir var bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar frá 2012 til 2014. Hún segir bæinn hafa aannaðhvort þurft að klára byggingu frjálsíþróttahússins eða rífa á sínum tíma þar sem framkvæmdirnar höfðu setið á hakanum í nokkurn tíma vegna hrunsins.

„Hins vegar skil ég að Samúel vilji veg Hauka meiri því það er rétt að engin uppbygging er þar núna,“ segir Guðrún.

Lúðvík segir sára þörf vera nú fyrir uppbyggingu á Ásvöllum þar sem íbúafjöldun í bænum hefur mest verið í nærliggjandi hverfi.

„Ég held að allir séu sammála um það að næsta stóra verkefni sem þarf að keyra áfram er uppbygging á Ásvöllum. Ég trúi ekki öðru en að það verði næsta forgangsverkefni að halda áfram með



er uppbygging á Ásvöllum.

Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

verkefni á Ásvöllum sem þegar er hafið og kominn sökkull og teikningar fyrir,“ bætir hann við.

„Út frá þessari skýrslu mun ég reyna að vinna með bæjarstjórn. Ég hef ekki skoðun á fortíðinni og ég vil horfa fram á veginn og vinna út frá þessum upplýsingum,“ segir Haraldur Línal Haraldsson, núverandi bæjarstjóri, um skýrslu bæjarins.

Viðar Halldórsson, formaður FH, vildi ekki tjá sig um málið.

thorgnyr@frettabladid.is

Sveitarstjóri Blönduóss segir álver í landshlutann efla byggð á svæðinu:

Landvernd leggst gegn álverinu

ÍÐNAÐUR Landvernd leggst alfarið gegn hugmyndum sveitarfélaga á Norðvesturlandi um að kínverskt fyrirtæki reisi álver norðan Blönduóss. Sveitarfélög á svæðinu hafa skrifað undir viljayfirlýsingu við forsvarsaðila kínversks álframleiðanda um að 120 þúsund tonna álver verði reist í landi Hafursstaða norðan Blönduóss.

„Það er skiljanlegt að sveitarfélög fari alltaf þessa leið til að fá atvinnuuppbyggingu í héraði. Í þau skipti sem stóriðja er annars vegar kemur ríkið myndarlega inn í með ívilnunum og öðru. Ríkið verður að hætta þeirri póli-



SNORRI BALDURSSON



ARNAR ÞÓR SÆVARSSON

tík og snúa þessari þróun við,“ segir Snorri Baldursson, formaður Landverndar, sem segir virðisauka af álbræðslu mun minni en af ferðaþjónustu sem njóti íslenskrar náttúru.

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduóbæjar, telur þetta gleðitíðindi fyrir atvinnuuppbyggingu á öllu svæðinu og styrkja byggð. „Við skrifuðum undir viljayfirlýsingu við Klappir, sem er forsvarsaðili kínversks álframleiðanda.“


„Hugmyndin er sú að kínverska fyrirtækið reisi með kínverski tækni álver sem er um 120 þúsund tonn að stærð og þarf til þess um 200MW orku. Nú biðum við og vonum að stjórnvöld ráðist í virkjanaf framkvæmdir til að mæta þessari þörf,“ segir Arnar Þór.

SVONA ERUM VIÐ



142 tonn af ilmvötnum og snyrtivörum voru flutt inn til landsins í apríl árið 2015

Á sama tíma voru einungis flutt inn 48 tonn af bókum, blöðum og tímaritum.



ERDOGAN Forsetinn hefur veitt AKP umboð til stjórnarmyndunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stjórnarmyndun í Tyrklandi: Útilokar ekki aðrar kosningar

Tyrkland Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, útilokar ekki að boðað verði til nýrra kosninga til að hægt verði að mynda starfs-hæfa ríkisstjórn.

Réttlætis- og þróunarflokkur Erdogans (AKP) er sá fyrsti sem fær umboð til að mynda ríkisstjórn en óvíst er hvort hann muni ná samkomulagi við stjórnarandstöðuflokkana um myndun nýrrar stjórnar.

Stjórnarskrá Tyrklands kveður á um að mynda þarf starfhæfa ríkisstjórn 45 dögum eftir kosningar.

AKP-flokkurinn fékk flest atkvæða í þingkosningunum sem fóru fram 7. júní síðastliðinn. Áður var flokkurinn með hreinan meirihluta á þinginu og gat því starfað án stuðningsflokka en nú fékk hann 41 prósent atkvæða.

Skoðanakannanir sýna að AKP-flokkurinn hefði fengið fjögurra prósentu aukningu í atkvæðum ef kjósendur hefðu vítað að kosningarar enduðu í stjórnarkreppu.

- SFS



ÓNÁTTÚRULEGT UMhverfi Þessi flóðhestur var á rölti um borgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gífurleg flóð í Georgíu:

Ljón, tígrar og birnir á vappi

GEORGÍA Tólf hafa látist í miklum flóðum í höfuðborg Georgíu, Tíblisi. Flóðin ollu því að fjöldi dýra slapp úr dýragarðinum í Tíblisi en tigrisdýr, ljón, bjarnadýr og úlfar eru meðal dýra sem ráfa nú um stræti Tíblisi.

Þrír þeirra sem létust fundust látnir í dýragarðinum. Fólk er hvatt til að halda sig innandyra þangað til að öll dýrin hafa verið handsömuð.

Sjónarvottar sáu meðal annars björn sem hékk utan á loftræstingu og maður í miðborginni fann hýenu á svölunum sínum.

Mörg dýranna hafa verið skotin til bana eða svæfð með deyfibyssum.

Mikil eyðilegging hefur átt sér stað í borginni en sem dæmi má nefna hafa líkkistur úr kirkjurgörðum farið á flöt.

- SFS

Fjölskylda fransks manns klofin í afstöðu sinni til líknardráps:

Líknardráp vekur upp deilur

FRAKKLAND Mikil ólga er í Frakklandi vegna úrskurðar Mannréttindadómstóls Evrópu um að slökkva á véllum sem halda Vincent Lambert, lömuðum frönskum manni, á lífi.

Lambert lenti í mótörhjólaslysi árið 2008 og hefur verið fullkomlega lamaður síðan þá. Hann bregst við umhverfi sínu en læknar telja hann hafa afar takmarkaða heilastarfsemi.

Fjölskylda Lambert er ekki á einu máli um hvernig eigi að huga að umönnun hans. Kona Lamberts, Rachel Lambert, og systkini hans

telja það mannúðlegast að taka hann úr sambandi og leyfa honum að deyja en foreldrar hans, strangtrúaðir kaþólikkar, telja að hann þurfi betri umönnun. Læknar hafa ráðlagt fjölskyldunni að aftengja hann og lög í Frakklandi leyfa líknardráp af þessum toga. Þá hefur fjöldi mótmælenda og kaþólskra samtaka andmælt því að Lambert verði tekinn úr sambandi.

Á þriðjudaginn birtu baráttusamtök gegn líknardrápi myndband af Lambert þar sem hann virðist bregðast við umhverfi sínu. Með því vildu samtökin sýna fram á að



LAMBERT Maðurinn hefur verið lamaður frá árinu 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lambert væri enn við meðvitund en læknar hafa fordæmt myndbandsbirtinguna.

- SFS

Sundfélagið Óðinn ósátt: Vilja loka Akureyrarsundlaug

AKUREYRI Íþróttaráð Akureyrar hafnaði erindi Sundfélagsins Óðins um að loka Akureyrarlag fyrir almenningi meðan á Aldursflokkamóti Sundsambands Íslands stendur.

Forsvarsmenn sundfélagsins eru mjög ósáttir við þessa ákvörðun og telja að með henni sé verið að mismuna íþróttgreinum. Formaður ráðsins, Ingibjörg Isaksen, vék af fundi undir þessum lið og taldi sig vanhæfa þar sem hún er forstöðumaður sundlaugar í öðru sveitarfélagi.

- SA



 Sveitarfélög

Ný skýrsla um íslensk sveitarfélög

Greining Íslandsbanka gefur út í þriðja sinn skýrslu með greiningu á málefnum og fjármálum sveitarfélaga. Leitast er við að gefa innsýn í rekstur sveitarfélaga en mörg þeirra hafa þurft að ráðast í viðtækar aðhaldsaðgerðir og hagræðingu í rekstri á síðustu árum.

Það er okkar von að þetta rit verði aðgengilegt og einfalt yfirlit yfir rekstur sveitarfélaga á Íslandi.

Skýrslan er opin öllum og hægt er að nálgast hana á vefnum okkar islandsbanki.is

Íslandsbanki hefur á að skipa sérfræðingum sem einbeita sér að greiningu á málefnum og fjármálum sveitarfélaga. Íslandsbanki er viðskiptabanki fjölmargra sveitarfélaga víða um land og hefur komið að mörgum verkefnum er snúa að sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu.

islandsbanki.is

 Netspjall

Sími 440 4000

 Facebook

 Íslandsbanki

Mars 2004	Júní 2011	Janúar 2014	Ágúst 2014	Nóvember 2014	Júní 2015	Ágúst 2015	Desember 2015
Rosetta er skotið á loft.	Slökkt er á Rosetta til að spara rafmagn.	Rosetta endurræst.	Rosetta mætir halastjörnunni 67P.	Philae lendir á 67P. Philae verður rafmagnslaus.	Philae vaknar til lífsins.	67P verður eins nálægt sólu og mögulegt er.	Áætluð lok verkefnisins.

Halló jörð, heyrir þú í mér?

Könnunarfarið Philae hefur vaknað til lífsins eftir nokkurra mánaða dvala á halastjörnunni 67P. Farið er það fyrsta til að lenda á halastjörnu. Vonast er til að orka þess sé næg til að ljúka því verkefni sem því var ætlað.

VÍSINDI Könnunarfarið Philae, sem er fyrsta geimfarið til að lenda á halastjörnu, hefur vaknað til lífsins og sent skilaboð til jarðar.


Philae er lendingarhluti geimfarsins Rosetta sem var skotið á loft árið 2004. Geimfarið hafði það markmið að lenda á halastjörnunni 67P. Evrópska geimferðastofnunin ESA hefur umsjón með verkefninu.

Eftir langa ferð um vetrarbrautina og meðal annars tvær hringferðir um Mars lenti könnunarfarið Philae á halastjörnunni þann 12. nóvember í fyrra.

Philae er knúið með sólarrafhlöðum, en eftir 60 tíma veru á halastjörnunni gáfust rafhlöðurnar upp þar sem farið var á myrku hlið loftsteinsins.

Í gær vaknaði Philae til lífsins þar sem halastjarnan hefur færst nær sólu. Farið heilsaði jarðarbúum á Twitter-síðu sinni með skilaboðunum „Halló jörð! Heyrir þú í mér?“

Verkefnastjóri Philae, Stephan Ulamec, segir að farið sé við kjöraðstæður og að allt gangi vel. Nú sé beðið eftir að farið hafi aftur samband en þegar



Í DVALA Á HALASTJÖRNU Geimfarið Philae séð frá geimfarinu Rosetta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

800

milljón kílómetrar er lengsta vegalengdin sem Rosetta hefur ferðast frá sólinni.

býr farið yfir miklum gögnum um eðli halastjörnnar.

Könnunarfarið hefur það að markmiði að safna gögnum um ferð halastjörnnar, efnasetningu hennar, hitastig og fleira. Forgangsverkefni Philae þessa stundina verður að bora eftir efnasamböndum úr jörðu og greina þau. Vísindamenn vonast til að rafmagnið sem Philae hefur safnað að svo stöddu dugi til þessa verkefnis.

Halastjarnan 67P, einnig þekkt sem Churyumov-Gerasimenko, er 4,3 kílómetra löng og 4,1 kílómetri á breiddina. Stjarnan, sem er sex og hálf ár að ferðast um sporbaug sinn um sólu, var uppgötvuð árið 1969 af sovésku vísindamönnum Klim Ivanovych Churyumov og Svetlana Ivanovna Gerasimenko en þaðan dregur stjarnan nafn sitt.

stefanrafn@frettabladid.is



GEIMFÖRIN Á TWITTER

Halló @ESA_Rosetta! Ég er vaknaður! Hve lengi var ég sofandi? #Lifeonacomet

Halló @Philae2014! Þú hefur verið lengi sofandi. Í næstum sjö mánuði!

Vá @ESA_Rosetta! Það er langur tími... Tími til að koma mér að verk! #Lifeonacomet

@Philae2014 Verð að skoða hvort þú sért í góðu formi, heilbrigður og nógu hlýr fyrst @philae2014! Slakaðu á núna :)

Ó, OK @ESA_Rosetta! Ég er svolítið þreyttur hvort sem er...

Tala við þig seinna! #lifeonacomet

Er ekki kominn tími á Tiguan?



VW Tiguan er vel útbúinn með öllu því helsta sem gerir bíl að jeppa. Taktu skrefið til fulls og fáðu þér Tiguan. Góða skemmtun!

Volkswagen Tiguan kostar frá:
5.380.000 kr.



Das Auto.



Háskólinn á Akureyri: 328 kandídatar brautskráðust

AKUREYRI Um helgina brautskráði Háskólinn á Akureyri 328 kandídata þar sem Vigdís Finnbogadóttir var heiðursgestur við athöfnina.

166 kandídatar brautskráðust af Hug- og félagsvísindasviði og 81 af Heilbrigðisvísindasviði annars vegar og Viðskipta- og raunvísindasviði hins vegar.

Mikill meirihluti brautskráðra nemenda við skólann var konur, 259 á móti 69 körlum.

Rektor skólans, Eyjólfur Guðmundsson, sagði í ræðu sinni við athöfnina að farsælast væri að fara varlega í sameiningar ríkis-háskólanna.

- sa



VICTOR PONTA Forsætisráðherra á að hafa svikið undan skatti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kemst undan rannsóknum: Ponta stendur af sér vantraust

RÚMENÍA Ríkisstjórn Rúmeníu stóð af sér vantrauststillögu í rúmenska þinginu á föstudaginn.

Hundrað Rúmena hafa mótmælt fyrir utan þinghúsið og krefjast afsagnar Victor Ponta forsætisráðherra.

Ponta hefur komist undan rannsóknum á meintri spillingu, en hann á að hafa verið viðriðinn fölsun, peningaþvott og skattsvik.

Klaus Iohannis, forseti Rúmeníu, hefur hvatt Ponta til að segja af sér en Ponta situr sem fastast.

- sfs



RÁÐHERRA lðnaðarráðherra hefur farið 23 sinnum til útlanda sem ráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lðnaðarráðherra svarar: 23 utanlands- ferðir í 84 daga

STJÓRNSÝSLA lðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, hefur farið í 23 utanlandsferðir frá því hún tók við starfi ráðherra að loknum kosningum árið 2013. Samanlagt hafa ferðirnar staðið yfir í 84 daga.

Þetta kemur fram í svari ráðherrans við fyrirspurn varaformanns Samfylkingarinnar, Katrínar Júlíusdóttur. Samanlagður kostnaður hins opinbera við þessar ferðir eru um 19 milljónir króna. Ódýrasta ferðin kostaði ríkið um 13 þúsund krónur en það var boðsferð flugfélagsins WOW air til Washington nú nýverið.

- sa

SAH afurðir á Blönduósi þurfa að taka á sig stórtap vegna verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun:

Greiða bætur vegna tafa á útflutningi

MATVÆLAÐNADUR SAH afurðir á Blönduósi hafa ekki getað staðið við samninga sína um útflutning á kjöti og hliðarafurðum vegna verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun. Á annað hundrað tonn af kjöti og um 70 þúsund gærur bíða þess að verða flutt út frá fyrirtækinu til Asíu og Færeyja og mun fyrirtækið þurfa að greiða bætur vegna tafa á flutningnum.

„Þetta er gífurlegt tap fyrir okkur. Gámur sem átti að fara til Færeyja í gær er beint tap þar sem hann kemst ekki á umsömdum tíma. Þar eru bæði heilir skrokkar og fullunnin vara í neytendapakningum sem átti að fara

beint í búðir ytra,“ segir Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH afurða. „Sendingin til Asíu hefur verið föst í um mánuð en þar bíða 160 tonn af lambakjöti og 70 þúsund gærur. Um mjög góðan samning var að ræða fyrir okkur en nú þurfum við að greiða bætur vegna tafa. Því á eftir að koma í ljós hversu hagstæður samningurinn verður eftir allt saman.“

Verkfall dýralækna hjá Matvælastofnun hefur staðið yfir síðan í byrjun apríl og hefur það haft gríðarleg áhrif á matvælaframleiðslu í landinu, jafnt innflutning sem útflutning.

- sa



VIÐ SLÁTRUN Framkvæmdastjóri SAH afurða telur fyrirtækið þurfa að greiða háar fjárhæðir í bætur vegna tafa á útflutningi.

SIEMENS

Kæli- og frystiskápar frá Siemens



Kæli- og frystiskáparnar frá Siemens eru vel hannaðir að innan sem utan. Í innréttingunum eru stillanlegar hillur, einstaklega björt LED-lýsing og mikið rými.

Svo að ekki þurfi að henda mat koma „crisperBox“- og „coolBox“-skúffurnar að góðum notum. „crisperBox“-skúffan er með rakastillingu sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. Í „coolBox“-skúffunni er kuldinn meiri (-2° til 3° C) en annars staðar í kælinum og eykur þar með geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Í frystirými sambyggðu kæli- og frystiskápanna eru þrjár gegnsærar frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“).

Með því að velja skápa með „noFrost“ sleppa menn allveg við að afrýsta frystirýmið.

Kæli- og frystiskáparnar frá Siemens hafa mjög góða orkunýtni. Þeir eru nú allir í orkuflokki A+, A++ eða A+++.

Siemens er í fararbroddi í hönnun, tækni og nýjungum.

Smith & Norland er Siemens-umboðið á Íslandi.

Smith & Norland sinnir varahluta- og viðhaldsþjónustu af faglegum metnaði á eigin verkstæði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Lítið fer fyrir sátt í íslensku samfélagi:

Afsökunarbeiðni

Pað fer lítið fyrir sáttinni í samfélaginu þessa dagana. Konur brjóta af sér hlekki feðraveldis, ofbeldis og forðóma. Heilu stéttirnar berjast fyrir réttlátum launum fyrir menntun sína, sérþekkingu og erfiði. Sjúklingar bíða í óvissu um viðeigandi heilbrigðisúrræði. Fimmtíu þúsund Íslendingar mótmæla fiskveiðifrumvarpi sjávarútvegsráðherra. Afkoma og hagsmunir aldraðra og öryrkja virðast eiga að liggja óbætt hjá garði og svo mætti lengi telja.

Við slíkar aðstæður hafa baráttukonur og -menn víða góðan málstað að verja og margur fer mikinn. Því miður er þó oft svo að í almennri umræðu fer oft mest fyrir þeim sem hafa hæst og eru glaðastir til yfirlýsinga, fullyrðinga og aðdróttana um það sem

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



þeim finnst standa þeirra ágæta málstað einna helst fyrir þrifum.

Þetta blessaða og kappsfulla baráttufólk virðist aldrei hafa hugleitt þau ágætu varnaðarorð að kapp er best með forsjá, heldur fer fram með fullyrðingum og aðdróttunum um stéttir, manneskjur og málefni. Allt í nafni þess að það hafi svo góðan málstað að verja.

Engu að síður tekst þessu ágæta fólki oft að vinna málstað sínum meira tjón en gagn. Það virðist ítrekað rugla saman fullyrðingum og staðreyndum, ályktunum og sannindum og svo mætti áfram til telja. Kappið hefur völdin en lítið fer fyrir almennri forsjá og tillitssemi við þær manneskjur sem mögulega verða fyrir aurskriðunni án þess að hafa til þess unnið. Það er nefnilega svo að hjúkrunarfræðingar, þingmenn, ráðherrar, sjómenn, háskólamenntaðir, aldraðir og öryrkjar eiga það öll sameiginlegt að vera manneskjur og af því skyldu orðin miðast. Án undantekninga.

En þegar svo er ekki og kappið er haft að leiðarljósi láta viðbrögðin sjaldnast á sér standa og umræðan er komin út í skítkast og skæting um menn og málefni, engum til gagns en kannski einhverjum til gamans. Verði þeim að góðu.

Reyndar gefst kappsfullu baráttufólki sem og reidum ráðamönnum, sem hafa látið falla einhverjar kjánalegar fullyrðingar í hita leiksins, oft tækifæri til þess að koma umræðunni aftur til betri vegar. En til þess þarf að gera það sem virðist vera óhugsandi í íslenskrum umræðu: Að biðjast afsökunar.

Fátt eitt getur nefnilega aukið á virðingu manneskju jafn mikið og það að biðjast afsökunar. Því öllum verður okkur á og öll höfum við rangt fyrir okkur af og til. Að viðurkenna vitleysuna í okkur er eitt það besta sem við getum gert fyrir okkur sjálf sem og þann málstað sem við viljum koma á framfæri. Flest erum við meira að segja alin upp við að læra að biðja aðra afsökunar. Segja fyrirgefðu við þá sem við komum illa fram við eða af frekju og yfirgangi. Takast í hendur, horfast í augu og biðjast fyrirgefningar og halda svo áfram með lífið.

Engu að síður virðist mörgum slík afsökunarbeiðni vera hin versta ófærð og kjósa frekar að kenna öðrum um eða draga fram hinar ólíklegustu afsakanir og réttlætningar. Fyrir vikið herða margir á skítkastinu og ósættid er algert.

Það er því óskandi að allt það ágæta fólk sem tjáir sig mikið um menn og málefni reyni nú að finna hjá sér léttinn yfir því að gangast við eigin vitleysu og frelsunina sem er fólgin í fyrirgefningunni. Því sanngirnin er sáttá móðir eins og stendur einhvers staðar og það er nú ekki nema sanngjarnt að maður fái að hafa rangt fyrir sér af og til og á þessum orðum er því hér með beðist afsökunar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

KRONAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Forvirkar aðgerðir

Alþingi samþykkti á laugardag frumvarp ríkisstjórnarinnar um lög á verkfall nokkurra aðildarfélaga BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Að setja lög á verkfall er neyðarúrræði og nægir í því samhengi að vísa til orða Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra frá því áður en lögin komu fram um að á meðan líf væri í viðræðum yrðu ekki sett lög á verkfall. Þess vegna er athyglisvert að ásamt því að setja lög á þau aðildarfélög BHM sem sannarlega eru í verkfalli ákvað ríkisstjórnin og meirihluti Alþingis að skella líka lögum á félög sem eru alls ekkert í verkfalli. Það er erfitt að láta ívitnuð orð ráðherranna ríma við það, nema þeir séu forvitrar svo

spakir að þeir viti að ekkert líf muni verða í þeim viðræðum þegar þar að kemur og þetta séu forvirkar aðgerðir.

Ein örlítil mistök lagfærð

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, kynnti á laugardag álit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar, en þar gegnir hún formennsku. Hún tilkynnti að ein breyting yrði gerð á frumvarpinu – og héldu þá margir að þá ætti kannski að hætta við að taka verfallsrétt af félögum sem ekki eru í verkfalli. Óekki. Orðunum „Félagsráðgjafafélag Íslands“ var bætt við á eftir orðinu „Fræðagarður“. Gott mál, en það félag er reyndar ekki í verkfalli en er nú fórnarlamb forvirku aðgerðanna.



Fjarvera rifjuð upp

Óssur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði því skóna, í umræðum um lögin, að ríkisvaldið hefði stefnt að þessu marki. Slíka ásökun þarf alltaf að skoða í pólitísku ljósi, en Óssur rifjaði upp athyglisverða hluti: „Við skulum bara rifja það upp að þegar deilan hófst við BHM þá var hæstvirtur fjármálaráðherra ekki einu sinni staddur á landinu. Formaður samninganefndar, hann var staddur í Mjanmar. Sjálfur ríkissáttasemjari lýsti því yfir opinberlega í fyrsta skipti á sínum ferli að það þýddi ekkert að kalla saman fundi vegna þess að ríkisvaldið hefði ekkert fram að færa.“

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Skilar ekki árangri

STJÓRN MÁL



Katrín Jakobsdóttir
formaður VG

Fróðlegt er að fylgjast með endurskoðun á viðhorfum hagfræðinga seinustu misserin. Þar hefur hæst borið metsölubók franska hagfræðingsins Thomas Piketty sem greinir m.a. forsendur þess að ójöfnuður hefur aukist í heiminum öllum og bendir á að hagfræðin geti ekki verið í tómarúmi, innan hagfræðinnar þurfi að taka tillit til samfélagsins, félagsfræðilegra þátta og ytri aðstæðna.

Nýlega voru birtar niðurstöður rannsóknar fræðimanna við Cambridge-háskóla um efnahagslegar afleiðingar stjórnarstefnu Margrétar Thatcher sem gegndi embætti forsætisráðherra í Bretlandi á níunda áratug 20. aldar. Thatcher var eins og kunnugt er merkisberi nýfrjálsbyggjunnar; réðst í stórfellda einkavæðingu ríkisstofnana, dró úr regluverki í kringum fjármálamarkaðinn og lækkaði skatta, ekki síst á hina efnameiri. Allt var þetta gert að sögn til að auka hagvöxt og verðmætasköpun en samkvæmt þessari nýju rannsókn skilaði stjórnarstefna Thatcher ekki þeim árangri sem henni var ætlað.

Í stuttu máli jókst ójöfnuður á Bretlands-eyjum, atvinnuleysi jókst en vöxtur og framleiðni jukust mun hægar en þau höfðu gert áratugin á undan. Frjálsbyggjuaðferðir á borð við lækkan á tollum og

sköttum, frjálst flæði verkafólks, skerðingu á stöðu verkalyðsfélaga, einkavæðingu og rýmra regluverk fyrir viðskiptalífið skilðu ekki árangri í aukinni landsframleiðslu miðað við áratugin á undan. Fræðimennirnir sem standa að rannsókninni benda á að talsmenn nýfrjálsbyggjunnar verði að geta sýnt fram á að stefnan hafi í raun skilað meiri velsæld og vexti en raunin hefði orðið með annars konar stefnu. Þessi rannsókn bendir til þess að árangur nýfrjálsbyggjunnar sé í raun aukinn ójöfnuður, meira atvinnuleysi og minni vöxtur og velsæld.

Margir íslenskir stjórnmálamenn og jafnvel heilu ungliðahreyfingarnar sitja samt enn fastar í blindri trú á þessar sömu aðfarir en er ekki kominn tími til að endurskoða þær meðal annars með tilliti til breyttra sjónarmiða í hagfræði? Ef ríkisstjórnin vill hafa almannahag og leiðarljósi þarf að styðjast við gögn og staðreyndir – ekki aðeins hugmyndafræðilega kennisetningu. Því miður virðist núverandi ríkisstjórn föst í kviksyndinu; boðar einkavæðingu, skattalækkanir og beitir lagasetningu á verkföll í stað þess að byggja upp heilbriggt samband við verkalyðshreyfinguna sem byggist á gagnkvæmri virðingu. Þetta lofar ekki góðu.

Þér Hrútar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Til er kvæði eftir skáldbóndann Guðmund Inga Kristjánsson þar sem hann ávarpar hrútana sína af mikilli kurteisi; hreinlega þérar skepnurnar: „Þér hrútar ég kveð yður kvæði, / ég kannast við andlitin glöð / er gangið þér allir á garðann / að gjöfinni fimmtán í röð...“ Þegar maður hefur fylgst með persónu Sigurðar Sigurjónssonar í myndinni Hrútar og sambandi hans við skepnurnar sínar skilur maður betur andann í þessu kvæði.

Æsispennandi mynd um riðuveiki í sauðfé? Já auðvitað. En einhvern tímann hefði það þótt saga til næsta bæjar að hægt væri að búa til slíka mynd. Ekki svo ýkja langt síðan einbúar í sveit voru einkum hafðir til aðhláturs og sýndir með sambandi af vorkunnsemi, vantrú

og glotti. Nú er þetta hetja vorra tíma. Andlit þjóðarinnar.

Hinn eilífi kotbóndi

Þetta er á meðal þess sem Hrútið færði okkur, þrátt fyrir allt: úr því að lygasagan um okkur leiddi yfir þjóðina skuldir og skömm varðar nú öllu að finna á ný sögurnar sem fjalla um okkur eins og við erum og vorum. Finna eitt-hvað sem er satt og segja frá því. Sú leit stendur enn og fer fram í listum; meðal annars bókmenntunum og kvikmyndunum. Og nú er spurt: erum við Íslendingar þá ekkert víkingar inn við beinið heldur kannski fyrst og fremst kotbændur í grunninn þegar allt kemur til alls? Með öllu sem því fylgir: steigurlæti smælingjans, stolti, þolgæði og þrjósku – og óhlýðni.

Þjóð sem talast ekki við

Það er þráður milli þeirrar persónu sem Sigurður Sigurjónsson leikur hér og þeirrar persónu sem hann lék sem ungur maður í Landi og sonum. Í þeirri mynd þurfti persóna hans að fella hestinn til þess að rjúfa sam-

band sitt við landið og komast burt: hér kemur hún sér ekki að því að farga skepnunum og getur ekki rofið tengsl sín við jörðina, kemst ekki burt. Við sjáum hann fyrst þar sem hann fer með hægð og dyttar að girðingunni – íslenskir bændur eru eilíflega að bjástra við girðingarnar hjá sér. Frásögnin er hægferðug en krókalaus og við þekkjum þennan mann. Snyrtimennsku hans, iðjusemi og vandvirkni í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur, ást hans á skepnunum og þeim arfi sem honum hefur verið trúað fyrir: allt þetta vekur virðingu hjá áhorfanda. Við sjáum það hvernig honum fellur varla verk úr hendi, áttum okkur á því að þetta er góði hirðirinn, grandvör persóna, sem er trúr yfir litlu.

Biblían er hér allt um kring, enda talaði Kristur í dæmisögum sínum varla um annað en sauðfjárbúskap á Íslandi. Við könnumst hér við söguna af bræðrunum þar sem annar starfaði af trúmennsku við föðurleifðina en hinn fór í burtu og sóaði öllu og sukkaði en kom aftur við mikinn fögnuð; faðirinn slátraði sauði.

Hér er annar bróðirinn dálítið af því tagi – óstöðugur drykkjubolti, en samt eru málin ekki alveg svo einföld, því að hann er líka sá sem sigrar í hrútakeppninni og hefur ráð undir rífi hverju þegar á reynir, þó að úrræði hans kunni reyndar að orka tvímælis. Við vitum ekki fyrir vist hvað hefur valdið því að þeir talast ekki lengur við bræðurnir, en úti um allt þekkjum við hins vegar slíkar sögur; af bræðrum í afskekktu nábyli sem hætta eru að talast við, og kannski erum við Íslendingar að einhverju leyti slík þjóð: systkini sem talast ekki lengur við.

En það er sem sé – án þess að ljóstra upp of miklu um inntak þessarar æsispennandi myndar um riðuveikt sauðfé – í óhlýðninni sem bræðurnir ná saman; þegar þeir rísa gegn regluverkinu, sem birtist okkur í mynd danskrar konu. Svo má reyndar bollaleggja fram og aftur um það hversu viturleg sú óhlýðni er – en íslenski kotbóndinn getur samt ekki annað gert en að óhlýðnast. Hann getur hvorki brugðið búi né haldið hokrinu áfram.

Þetta er sagan um það hvernig Íslendingar breyttust úr mestu sveitabjóð Evrópu í mestu borgarþjóð Evrópu.

Hann getur hvorki lifað né drepist. Hann er ofurseldur ytri aðstæðum, hversu trúr hann er og vinnusamur, og hann á ekki annarra kosta völ en að grafa sig í fönn og híma þar og bíða eftir betri tíð.

Í Hrútum er sögð stór saga – kannski stærsta saga Íslendinga á síðustu öld. Og henni er enn ekki lokið, eins og eftirminnilega er undirstrikað í áhrifamikilli lokasenu myndarinnar. Þetta er sagan um það hvernig Íslendingar breyttust úr mestu sveitabjóð Evrópu í mestu borgarþjóð Evrópu; hvernig sambandið við landið og skepnurnar rofnaði með þeim afleiðingum að Íslendingar eru að mörgu leyti enn dálítið ráðvillt þjóð með reikula sjálfsmynd.

AF NETINU

Ekki hlutgerð feður



Hugreki þessara kvenna og þessara byltinga hefur EKKERT með hlutgerða feður að gera. Brjóstin þín

þurfa ekki að uppfylla einhverja feðurstaðla (hvíttra, miðaldra karla í Vesturlöndum) til að breyta heiminum, þau þurfa bara að vera óhrædd og laus við skömm. Sagan þín þarf ekki að vera falleg til að við nenum að hlusta á hana og tökum mark á henni. Raunveruleikinn, nákvæmlega eins og hann er, er það sem stingur okkur svo djúpt og neyðir okkur til að hlusta. Þú þarft ekki að vera í bikíní til að við hlustum, þú þarft ekki að velja þér síðkjól, þú þarft ekki að hvítta á þér tennurnar, maka á þig brúnku-kremi, læra að labba í hælum, vera andlit Oroblu eða krulla á þér hárið.

www.kjarninn.is

Alma Mjöll Ólafsdóttir

Sumir fífl, aðrir ekki



Femínistar eru alls konar fólk. Sumir eru fífl; aðrir ekki. Það er bara eins og gengur og gerist með mannskepnuna. Við erum ekki yfir það hafin að rífast og slást; en það er tilgangslaust að búa sér til óvini. Það er aftur á móti heimskulegt að láta þessa tilbúna óvini ráðskast með sig.

www.pressan.is

Smári Pálmarsson

Slá sig til riddara



Ríkisstjórnin ber fyrir sig neyð, segir að fólk sé í lífshættu og reynir þannig að gera hjúkrunarfræðinga að vonða fólkinu í sögunni. Ríkisstjórnin slær sig þannig til riddara (aftur), verandi bjargvættur allra sem þurfa aðhlyningu. Ekki hjúkrunarfræðingarnir, heldur ríkisstjórnin.

www.stundin.is

Smári McCarthy

